

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar og bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

*Vallakór 2-6. Verslunar- og þjónustumiðstöð. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs þann 27. júní 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Vallakór 2-6. Í breytingunni felst að lóðunum nr. 2, 4 og 6 er breytt í tvær lóðir, Vallakór 2 og 4. Á lóð nr. 2 (suðurhluti deiliskipulagssvæðisins) er deiliskipulagi frestað en á lóð nr. 4 er gert ráð fyrir einu verslunar- og þjónustuhúsi á 1-5 hæðum. Flatarmál fyrirhugaðs verslunar- og þjónustuhúss er áætlað allt að 9.000 m<sup>2</sup> og miðað er við 1 stæði á hverja 35 m<sup>2</sup> í húsnæði. Á lóðinni er gert ráð fyrir bilgeymslu að mestu neðanjarðar. Lóð undir spennistöð (við Þingmannaleið) er færð til. Enn fremur er svæði fyrir hverfisgáma fært til innan lóðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Dalsmári 7. Kópavogsvöllur. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 18. maí 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi Dalsmára 7. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 1200-1500 manna áhorfendastúku vestan Kópavogsvallar. Hámarkshæð (miðað við kjallarahæð) er áætluð 15 metrar, breidd allt að 20 metrar og lengd allt að 90 metrar. Í kjallara er gert ráð fyrir búningsklefum og á 2. hæð veitingasal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00 til 14.00.

*Kópavogi, 15. ágúst 2006.*

**Birgir H. Sigurðsson**, skipulagsstjóri Kópavogs.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. ágúst 2006